

Minnisblað

Til:
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 28. maí 2024
Mnr. 2024010231



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Breytingar deiliskipulags Torfness

Breytingar á deiliskipulagi við Torfnæs eru í ferli, breytingarnar snúa að eftirfarandi punktum.

- Byggingarreitur við Sólborg
- Lóð fyrir Skógarhús við Hlíf
- Verkmenntahús Mentaskólans

Breytingar til umræðu

Framtíðarstækkun verkmenntahúss er meira í átt að heimavist og bílastæðum. Á myndinni hafa bílastæðin verið færð út fyrir verkmenntahúsið næst rauðu brotalínunni. Eftir stendur spilda sem virðist vera ónýtt. Þannig að þeirri spurningu er velt fram hvort ætti að

- Fjölga stæðum við Sólborg
- Ásamt því að stækka lóð Sólborgar m.t.t. að hún skerðist vegna mögulegrar viðbyggingar.
- Blá brotalína sýnir mögulegan byggingarreit, við Sólborg. Byggingarreiturinn er í samræmi við þá stækkun sem gerð var í Mosfellsbæ, þ.e. Hulduberg. Hinsvegar þyrfti hönnun hér að vera með breyttu sniði þar sem reiturinn nær út á götu og myndi teppa aðgengi neyðarbíla í átt að hjúkrunarheimili.

